



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

10

2007 – 2017

Ársfundur

3. maí 2017

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingastefna sjóðsins
4. Áhættustýring
5. Breytingar á samþykktum
6. Starfskjarastefna
7. Kosning stjórnar
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Önnur mál



2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

SKÝRSLA STJÓRNAR

ÁGÚST TORFI HAUKSSON, STJÓRNARFORMAÐUR

2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG
AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG
TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

ÁRSREIKNINGUR 2016
INGI BJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI

HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)

	2016	2015
Iðgjöld	8.842	7.911
Lífeyrir	-4.999	-4.687
Fjárfestingartekjur	3.924	18.428
Rekstrarkostnaður	-327	-285
Aðrar tekjur/gjöld	-18	95
Breyting á hreinni eign	7.421	21.461
Hrein eign frá fyrra ári	179.272	157.810
Hrein eign í árslok	186.693	179.272

EFNAHAGSREIKNINGUR


	2016	2015
Eignahlutir í félögum og sjóðum	81.551	79.374
Skuldabréf	97.622	86.647
Bundnar bankainnistæður	1.390	2.154
Kröfur	1.093	964
Ýmsar eignir	58	59
Handbært fé	5.414	10.181
Skuldir	-434	-108
Hrein eign til greiðslu lífeyris	186.693	179.272



Íðgjöld


Iðgjöld tryggingadeildar (m.kr.)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi ársins 2016 m.v. launavísitölu




Iðgjöld séreignardeildar (m.kr.)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi ársins 2016




STÆRSTU IÐGJALDAGREIÐENDUR (M.KR)

15 stærstu launagreiðendur greiddu 31% iðgjalda Stapa árið 2016




ATVINNUGREINASKIPTING IÐGJALDAGREIÐENDA




ALDUR GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA


Aldur iðgjaldagreiðenda 2016



Fjöldi og meðalaldur iðgjaldagreiðenda



Vanskil á iðgjöldum sem hlutfall af iðgjöldum







Lífeyrir

ÞRÓUN LÍFEYRISGREIÐSLNA (M.KR)

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar hækka um 6,9% milli ára




Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar hækka um 6,8% milli ára




LÍFEYRISGREIÐSLUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)

Sérstakar útgreiðslur úr séreign hafa verið óverulegar undanfarin ár – lauk að mestu 2014




FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í TRYGGINGADEILD

Fjölgun um 465 (5,7%)




SAMSETNING LÍFEYRISGREIÐSLNA






Fjárfestingartekjur


FJÁRFESTINGARTEKJUR TRYGGINGAÐEILDAR (M.KR.)



ÁRSÁVÖXTUN SÍÐUSTU 10 ÁR




RAUNÁVÖXTUN Á ÁRSGRUNNI




Tímabil lengri en 1 ár eru reiknuð á ársgrunni

FJÁRFESTINGARTEKJUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)



ÁVÖXTUN SÉREIGNASAFNA

Nafnávöxtun undanfarin 5 ár







Kostnaður

ÞRÓUN KOSTNAÐAR

Heildarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna



SKIPTING REKSTRARKOSTNAÐAR 2016





2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

UNNIÐ AF BJARNA GUÐMUNDSSYNI,
TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGI

- Tryggingafræðilegar athuganir – aðferðafræði og forsendur
- Niðurstaða Stapa 2016
- Breyting ársins 2016
- Sjóðfélagahópur Stapa

Aðferðafræði og forsendur

Tilgangur athugunar :

- Kanna hvort eignir sjóðsins muni nægja til að kosta þau lífeyrisréttindi sem samþykktir sjóðsins kveða á um
- Athugunin felst í samanburði eigna og verðmætis iðgjalda við væntanleg útgjöld til greiðslu lífeyris og kostnaðar við rekstur
- Lög 129/1997 kveða á um árlega athugun eftir samræmdum forsendum og aðferðum

Aðferðafræði og forsendur

Framsetning niðurstöðu:

- **Skuldbindingum** (útgjöldum) skipt í **áfallnar**- og **fram tíðar**.
- **Áfallnar**: vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér
- **Fram tíðar**: áætlaðar vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér
- **Eignum** er skipt með sama hætti, í núverandi eignir sem mæta áföllnum skuldbindingum og verðmæti iðgjalda sem mætir verðmæti fram tíðarskuldbindinga
- **Heildarskuldbindingar** eru samtala áfallinna- og fram tíðarskuldbindinga og eru bornar saman við samtölu eigna og verðmætis iðgjalda

Aðferðafræði og forsendur

Helstu forsendur 2016:

- Vextir 3,5% umfram hækkun réttinda
- Lífslíkur íslenskar – reynsla áranna 2010-2014
- Örorkulíkur íslenskar – reynsla lífeyrissjóða 1998-2002
- Forsendur eru breyttar frá síðustu athugun
- Ákveðnar með l. 129/1997 og rg. 391/1998 sem einnig tilgreinir leyfileg vikmörk milli eigna og skuldbindinga

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2016

Niðurstaða

TAFLA II. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2016 – FJÁRHÆDIR Í MILLJÓNUM

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	181.742,0		181.742,0
Endurmat – Hlutabréf	-1.273,9		-1.273,9
Skuldabréf	-3.517,7		-3.517,7
Fjárfestingagjöld:	-2.161,3		-2.161,3
Rekstrarkosntaður:	-1.856,8	-2.738,0	-4.594,8
Örorkuframlag		5.673,1	5.673,1
Iðgjöld:		124.767,0	124.767,0
Samtals:	172.932,3	127.702,1	300.634,4
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	146.633,6	97.145,3	243.778,9
Örorkulífeyrir:	23.021,9	22.613,5	45.635,4
Makalífeyrir:	8.779,1	5.341,6	14.120,7
Barnalífeyrir:	184,2	1.607,2	1.791,4
Samtals:	178.618,8	126.707,6	305.326,4
Mismunur:	-5.686,5	994,5,	-4.692,0
Hlutf. af skuldb.	-3,18%	0,78%	-1,54%

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2016

Niðurstaða

- Tryggingafræðileg staða versnar frá fyrra ári

2015: 0,42%

2016: -1,54%

Skýring aðallega nýtt mat á lífslíkum

- Staða sjóðsins er innan almennra marka l.129/1997
- Ef munur milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs er minni en 5% er ekki skylda til að grípa til aðgerða

The background image is a wide-angle landscape photograph of a fjord in Iceland. In the foreground, there is a rocky shore covered with yellowish-brown seaweed. The water of the fjord is calm, reflecting the sky and the surrounding landscape. On the right side, there are some small, simple buildings, possibly a farm or a small settlement. The middle ground shows rolling green hills leading up to the base of the mountains. The background features large, rugged mountains with significant snow cover under a clear blue sky with a few wispy clouds.

3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGASTEFNU SJÓÐSINS


FJÁRFESTINGASTEFNA OG ÁVÖXTUN

ARNE VAGN OLSEN, FJÁRFESTINGASTJÓRI




Eignasamsetning og
ávöxtun eigna

FJÁRFESTINGARUMHVERFIÐ Á ÍSLANDI 2016




- Mikil aukning í komu ferðamanna = 15,6% styrking ISK
- Mikil styrking ISK = lág verðbólga
- Mikill hagvöxtur = háir stýrivextir (segir Seðlabankinn)
- Þingkosningar
- Lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta erlendis (68 ma. kr. nettó)



- Lífeyrissjóðir lána um 80 ma. kr. til sjóðfélaga = minni eftirspurn eftir t.d. Innlendum hlutabréfum
 - » Innlend hlutabréf áttu dapurt ár (0,1% ávöxtun)
 - » Innlend skuldabréf áttu gott ár (stýrivaxtalækkunir)

FJÁRFESTINGARUMHVERFI ERLENDIS 2016




Ár hinna pólitísku tíðinda

- BREXIT í júní = miklar sveiflur á mörkuðum
- Trump í nóvember = engin sveifla – bara hækkun
- Ýmsar aðgerðir seðlabanka í Japan og Evrópu til að glæða hagvöxt og verðbólgu
- Þokkalegt hlutabréfaár, hækkun einkum eftir kjör Trump
- Óvenjuleg staða uppi með ríkisskuldabréf (þó ekki á Íslandi) – um þriðjungur þeirra ber neikvæða ávöxtunarkröfu = það kostar að eiga þau...
- Flestir markaðir dýrir, hvar á að fjárfesta?


RÍKISSKULDABRÉF

Yfirlit árs 2016


Stærsti eignaflokkur Stapa...




...töluverð viðskipti á árinu..



...70 ma. kr. fjárfest í ríkisskuldabréfum




Ávöxtun ársins var ágæt




ÖNNUR MARKAÐSSKULDABRÉF

Yfirlit árs 2016


Stækkandi eignaflokkur í eignasafni sjóðsins




... aukning í sértryggðum skuldabréfum á árinu...



...eignaflokkurinn stækkar því töluvert milli ára




Ávöxtun ársins var í meðallagi (0,7% umfram ríkisskuldabréf)




VEÐSKULDABRÉF OG FASTEIGNIR

Yfirlit árs 2016


Áhersla á stækkun eignasafnsins undanfarin ár...




...fjárfest fyrir 3 ma. kr. nettó en afborganir minnka aukningu



...eign í lok árs nemur 8,9 mö. kr.




...og ávöxtun ársins var ágæt (1,3% umfram ríkisskuldabréf)




INNLEND HLUTABRÉF

Yfirlit árs 2016


Nærri fimmtungur eignasafns Stapa




...töluverð hreyfing á safninu á árinu – nettókaup fyrir 1 ma. kr.



...eignaflokkurinn hefur stækkað um 30 ma. kr. s.l. 5 ár




...ávöxtun ársins var töluvert undir okkar spá




SKAMMTÍMABRÉF OG INNLÁN

Yfirlit árs 2016


Eignaflokkur utan um lausafé á hverjum tíma




Hluti eigna var erlent lausafé = tap vegna ISK



...og eignaflokkurinn minnkar sem því nemur milli ára




Ávöxtun var lág m.a. vegna erlendar gjaldmiðlæignar




ERLEND HLUTABRÉF

Yfirlit árs 2016


Stærsti erlendi eignaflokkurinn




...styrking ISK hafði mikil áhrif á afkomu



...þrátt fyrir nettókaup og ávöxtun minnkaði safnið um 2 ma. kr.




Ávöxtun ársins litast af mikilli styrkingu íslensku krónunnar




AÐRIR EIGNAFLOKKAR

Yfirlit árs 2016


Sérhæfðar erlendar fjárfestingar og erlend skuldabréf




...fjárfest í skuldabréfasjóðum og skammtímaþréfum



...og eignir í árslok nema ríflega 8 mö. kr.




Ávöxtun var ágæt í USD en styrking ISK hafði mikil áhrif




STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

Yfirlit árs 2016


Breyting á vægi eignaflokka á árinu 2016




Styrking ISK hafði mikil áhrif á afkomu



...eign jókst um 7,8 ma. kr. milli ára...




...en ávöxtun var undir væntingum




ERLENDIR EIGNAFLOKKAR HÖFÐU MIKIL ÁHRIF Á AFKOMU

Framlag eignaflokka til ávöxtunar




HVERNIG ER ÁVÖXTUN STAPA SAMANBORIN VIÐ AÐRA?

Raunávöxtun Stapa til 1 árs er í meðallagi



...en lág sé horft til fimm ára á ársgrunni



- Nokkrar breytingar voru gerðar á eignasamsetningu Stapa á árinu
 - » Töluvert var fjárfest í innlendum skuldabréfum og á móti minnkuð eign í innlánnum
 - » Nokkuð var fjárfest erlendis en vegna styrkingar ISK minnkar vægi erlendra eigna milli ára

- Ávöxtun 2016 litast af styrkingu íslensku krónunnar
 - » Kostaði Stapa 5,9 ma. kr. en erlendar eignir eru mikilvægar vegna áhættudreifingar
 - » Innlendi hlutabréfamarkaðurinn skilaði engri ávöxtun

- Erum tiltölulega bjartsýn á ávöxtun 2017
 - » Reiknum með tveimur vaxtalækkunum Seðlabanka Íslands sem ætti að vera jákvætt fyrir skuldabréfa og hlutabréf
 - » Reiknum með meðalári erlendis en ávöxtun í ISK mun ráðast af þróun krónunnar
 - » Pólítísk óvissa verður áfram fyrir hendi, einkum erlendis (BREXIT og Trump)




Séreign


INNLAÐA SAFNIÐ (0,4 MA. KR. Í ÁRSLOK)

Eignasamsetning í árslok og árangur

Að fullu ávaxtað í innlánum...




...og ávöxtun þokkaleg undanfarin ár




VARFÆRNA SAFNIÐ (1,2 MA. KR. Í ÁRSLOK)

Eignasamsetning í árslok og árangur

52% fjárfest í innlendum skuldabréfum í árslok...




...og ávöxtun til lengri tíma er góð




ÁRÆÐNA SAFNIÐ (3,3 MA. KR. Í ÁRSLOK)

Eignasamsetning í árslok og árangur

Meiri áhætta en varfærna safnið – aukið hlutfall hlutabréfa



...og líkt og í varfærna safninu hefur ávöxtun verið góð





Fjárfestingastefna 2017

Hver er tilgangur fjárfestingastefnu?

- Fjárfestingastefna hvers árs segir til um hvert skuli stefna í fjárfestingum sjóðsins á því ári
 - » Á að auka eða minnka áhættu?
 - » Á að auka eða draga úr vægi einstakra eignaflokka?
- Fjárfestingastefnan skilgreinir heimildir starfsmanna sjóðsins til fjárfestinga
 - » Hversu mikið má sjóðurinn eiga í tilteknum eignaflokkum, t.d. innlendum hlutabréfum?
- Fjárfestingastefnan skilgreinir viðmið fyrir eignasafnið
 - » Viðmið notað til að meta árangur stýringar
- Fjárfestingastefnan er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu sjóðsins

Hver eru markmiðin?


- Í fjárfestingastefnu Stapa eru fjárfestingarmarkmið tryggingadeildar sjóðsins skilgreind:
 - » Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum
 - ✓ Árleg raunávöxtun undanfarin 5 ár nemur 3,7%
 - » Að ná 1-2% ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu á hverju 5 ára tímabili
 - X Árleg nafnávöxtun viðmiðunarvísitölu 2012-2016 nemur 6,9% en ávöxtun sjóðs á sama tímabili nemur 6,4%.
 - » Að ná a.m.k. 0,5-1,0% ávöxtun umfram meðalsjóði á hverju 5 ára tímabili
 - X Meðalraunávöxtun (óvegin) lífeyrissjóða undanfarin 5 ár er 5,3% en ávöxtun Stapa á sama tímabili nemur 3,7%

HELSTU FORSENDUR FJÁRFESTINGASTEFNU 2017


Efnahagsumhverfi

- Spáum því að Seðlabanki Íslands lækki vexti um 0,5% á árinu
 - » Engin vaxtalækkun komin það sem af er ári
- Spáum því að verðbólga verði áfram lág og nemi 2,2% í árslok
 - » M.a. vegna styrkingar á ISK


Spáum styrkingu á íslensku krónunni...



Góð ávöxtun innlendra eigna m.a. vegna vaxtalækkana




Meðalár í erlendum eignum en ISK dregur úr ávöxtun




FJÁRFESTINGARHEIMILDIR OG MARKMIÐ 2017

Ekki gert ráð fyrir stórvægilegum breytingum á árinu

Eignasafn í upphafi árs og markmið í lok árs




Hámarkseign í veðskuldabréfum og fasteignum aukin – annað óbreytt



ERLENDAR EIGNIR — HVER ER STEFNAN?


Vægi erlendra eigna í eignasafni Stapa
Sviðsmyndir



- Stapi nýtti nær alla heimild sína til fjárfestingar erlendis á liðnu ári
- Við gerð fjárfestingastefnu Stapa s.l. haust var ítarlega rætt um hvert vægi erlendra eigna ætti að vera til lengri tíma
- Markmiðið, eins og það kemur fram í stefnunni, er að stefna á að um 40% eigna Stapa verði fjárfest erlendis
 - » Stefnt á 2-3% aukningu á ári næstu árin
- Talan er ekki fengin út í bláinn
 - » Lífeyrissjóður er sparnaður sjóðfélaga til efri áranna
 - » Um 40% af neyslu Íslendinga er erlend (innflutt)
 - » Sé 40% eignasafns fjárfest erlendis má gera ráð fyrir að kaupmáttur þess hluta breytist í samræmi við erlenda neyslu
 - » Og svo er það auðvitað áhættudreifingin...

ÁHÆTTUDREIFING ER AFAR MIKILVÆG


Erlendar eignir minnka heildaráhættu eignasafns – eru „ónæmar“ fyrir Íslandi




ÁÆTLUÐ ÁVÖXTUN OG ÁHÆTTA 2017

Spáum hærri ávöxtun með lægri áhættu


Markmiðsávöxtun er hærri en sögulegt meðaltal...




...en vænt áhætta er lægri...



Hlutfall tryggingaeigna er lægra en langtírameðaltal




...og hlutfall ávöxtunareigna því hærri




Tryggingaeignum er ætlað að ná a.m.k. sömu ávöxtun og skuldbindingar við flestar markaðsaðstæður á 1-3 ára tímabili
Ávöxtunareignum er ætlað að auka ávöxtun umfram vöxt skuldbindinga til lengri tíma lítið (+5 ár)

ÁVÖXTUN FYRSTU ÞRÍJA MÁNUÐI ÁRS 2017

Miklar verðsveiflur á mörkuðum frá áramótum



Nafnávöxtun tryggingadeildar fyrstu þrjá mánuði 2017



Samantekt

- Heildaráhætta er nokkuð undir 10 ára meðaltali
- Gert er ráð fyrir litlu hærra hlutfalli áhættumeiri eigna
 - » Aukið við vægi erlendra hlutabréfa og vægi innlendra skuldabréfa
 - » Vægi innlána minnkað á móti
- Spá er spá
 - » Ólíklegt að allar forsendur gangi eftir
- Nafnávöxtun ársins er áætluð 7,1%
 - » Miðað við áætlaða verðbólgu þýðir það 4,8% raunávöxtun
 - » Nafnávöxtun fyrstu þrjá mánuði 2017 er 2,2%

4. ÁHÆTTUSTÝRING

JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR, ÁHÆTTUSTJÓRI

- Markmið
 - » Hámarka líkur á að sjóðurinn standi við skuldbindingar.
 - » Stuðla að árangri og skilvirkni í starfsemi sjóðsins.
 - » Tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
 - » Tryggja hlítingu við lög og reglur.

- Framkvæmd
 - » Töluleg markmið áhættu við ávöxtun fjármuna.
 - » Vöktun ýmissa áhættuþátta.
 - » Hlíting við lög, tilmæli og reglur er könnuð.

- Lífeyristryggingaáhætta er hættan á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga.
- Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum standi ekki í skilum eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega.
- Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings
- Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins, þ.e. hætta á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, upplýsingakerfa, starfsmanna eða til ytri atburða.

- Nýja réttindakerfið hefur verið í forgrunni síðastliðið ár og verður það áfram.
 - » Eftirfylgni með útreikningum og upplýsingagjöf úr kerfinu
 - » Nýjar töflur frá tryggingastærðfræðingi


- Réttmæti úrskurða lífeyris.
 - » Allir úrskurðir eru yfirfarnir af öðrum starfsmanni en þeim sem úrskurðar.
 - » Lífeyrisnefnd fer yfir alla úrskurði sem starfsmenn deildarinnar óska eftir,
 - » Áhættustjóri og innri endurskoðandi fara yfir úrtak lífeyrisúrskurða og lista yfir lífeyrisgreiðslur.

- Fjárfestingar sjóðsins og eftirfylgni þeirra.
 - » Kostgæfniathuganir eru unnar á nýjum eignastýrendum og óskráðum eignum.
 - » Fjárfestingar eftir atvikum bornar undir framkvæmdastjóra, áhættustjóra og stjórn.
 - » Mánaðarlegar skýrslur um afkomu eigna.



Helstu áhættuþættir
sjóðsins


- Réttindi í lífeyrissjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans.
- Skv. spá sjóðsins um ávöxtun og áhættu eignaflokka eru um 12% líkur á að nafnávöxtun sjóðsins verði neikvæð á árinu 2017.
- Ef verðbólga verður 2,2% þá eru um 21% líkur á neikvæðri raunávöxtun á árinu 2017.



- Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum.
- Í mati á mótaðilaáhættu eru skuldabréf metin áhættuminni en hlutabréf og innlán enn áhættuminni.
- Sjóðurinn á hlutabréf á Icelandair Group hf. annars vegar (2,3% af sjóði) og Marel hf. hins vegar (2,3% af sjóði).
- Skv. fjárfestingarstefnu sjóðsins stefnir sjóðurinn almennt að eftirfarandi:
 - » Að eiga ekki meira en 2,5% af heildareignum í áhættuvegnum kröfum á einn aðila að ríkissjóði undanskildum, þó eru vikmörk upp í 3,0%.
 - » Að fimm stærstu eignirnar verði ekki hærri en 10% af sjóðnum, þó eru vikmörk upp í 12%.

VERÐBREYTINGARÁHÆTTA


- Stærsti hluti eigna Stapa eru skráðar á markað og verð þeirra er breytilegt.
- Óskráðar eignir sveiflast líka í verði þó svo upplýsingar um verðbreytingar séu oft óaðgengilegar.
- Flökt eignasafnsins hefur lækkað undanfarið ár og var í lok sl. árs 2,7%.
- Staðalfrávikíð er vel innan markmiða fyrir áhættutöku fyrir árið 2017.



VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

Áhættudreifing


- Eignaflokkar bera með sér mismikla áhættu.
- Með því að blanda saman eignum úr ólíkum eignaflokkum minnka líkur á að eignasafnið í heild sveiflist eins mikið og hver eignaflokkur fyrir sig.



- Um fjórðungur af eignum lífeyrissjóðsins eru í erlendri mynt.
- Þrátt fyrir áhættu sem fylgir því að fjárfesta í annarri mynt er mikilvægt að dreifa áhættu með því að fjárfesta víðar en á Íslandi.
- Á síðasta ári tapaði sjóðurinn um 5.800 m. kr. vegna 15,6% styrkingar krónunnar sem lækkaði ávöxtun sjóðsins um 3%.
- Aukin áhættudreifing skilar sér væntanlega í betri afkomu sjóðsins til lengri tíma litið miðað við tekna áhættu.

- Um 40% eigna sjóðsins eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.
- Óverðtryggðar eignir auka líkurnar á því að ávöxtun nái ekki að vega upp á móti verðbreytingum, sem myndi rýra kaupmátt lífeyrisréttinda.
- Verðbólguþá Seðlabankans gerir ráð fyrir 2-3% verðbólgu út spátímann, þ.e. til loka árs 2019.

Breyting frá fyrra ári (%)



.. íslenskra lífeyrissjóða er mikil.

- Nú eru notaðar lífslíkur áráanna 2010-2014 og endurspegla tillögur um breytingar á töflum í samþykktum meðal annars þessar nýju töflur um lífs- og dánarlíkur. Út úr töflunum má meðal annars lesa:
 - » Karlmennt geta vænst þess að lifa í 18,9 ár eftir 65 ára aldur. Það er aukning um 0,5 ár frá reynslu áráanna 2007-2011.
 - » Lífslíkur karla við 70 ára aldur hækkuðu um 0,4 ár.
 - » Konur lifa að jafnaði í 21,1 ár eftir 65 ára aldur. Það er 0,3 árum en lengur þær gerðu að jafnaði á árunum 2007-2011.
 - » Lífslíkur kvenna við 70 ára aldur hækkuðu einnig um 0,3 ár.
- Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og þeirri réttindaávinnslu sem samþykktir kveða á um er ekki tekið tillit til þeirrar leitni sem hefur verið í lengingu lífaldurs Íslendinga undanfarna áratugi.
- Við auknum skuldbindingum vegna hækkandi lífslíknna má bregðast við með því að hækka eftirlaunaaldur, hækka iðgjöld í lífeyrissjóð eða lækka ávinnslu réttinda.

- Miklar breytingar voru á síðasta ári hjá Stapa í starfsmannahaldi á rúmu ári.
 - » Fimm starfsmenn hafa látið af störfum
 - » Sjö starfsmenn hafa verið ráðnir til sjóðsins

- Í ljósi mikilla breytinga hjá sjóðnum leggur endurskoðunarnefnd sérstaka áherslu á að hugað verið vel að innri málum sjóðsins á næstunni:
 - » Alúð verði lögð við að halda góðum starfsanda sem getur látið undan þegar miklar breytingar ganga yfir.
 - » Hugað að skipulagi og verkaskiptingu með tilliti til nýrra starfsmanna og breytinga.
 - » Gripið verði til aðgerða til að draga úr langvarandi vinnuálagi lykilstarfsmanna.
 - » Innra áhættumati verði aftur sinnt af krafti því við miklar breytingar er enn frekar þörf á virku innra eftirliti og ekki æskilegt að slík verkefni sitji á hakanum til lengri tíma.



Eftirfylgni sjóðfélaga

- Hluti úrskurðaráhættu er fólgin í túlkun á samþykktum sjóðsins og þeim vinnureglum sem sjóðurinn kemur sér upp við lífeyrisúrskurði.
- Réttindakerfi sjóðsins var breytt á árinu 2016 í samræmi við ákvörðun ársfundar árið 2015. Við það eykst úrskurðaráhættan í fyrstu, vinnureglur breytast og samhæfa þarf gagnagrunna og kerfi nýjum samþykktum.
- Einnig eykst úrskurðaráhættan þegar nýir starfsmenn koma að lífeyrisúrskurðum
- Mikla áherslu þarf því að leggja á yfirferð úrskurða.
- Sjóðfélagar sem fá úrskurðaðan lífeyri eru nú sem fyrr hvattir til að skoða vel hvaða lífeyri þeir fá úrskurðaðan og leita skýringa hjá sjóðnum séu þeir í vafa um einhver atriði.

- Sjóðurinn sendir yfirlit til sjóðfélaga tvisvar á ári (rafrænt eða á pappír).
 - » Þar er upplýst hvaða iðgjöldum hefur verið skilað til sjóðsins vegna viðkomandi sjóðfélaga.
 - » Mikilvægt er að sjóðfélagi yfirfari þessar upplýsingar og geri sjóðnum viðvart, ef þær eru ekki réttar, að öðrum kosti getur hann misst réttindi.

- Á árinu 2016 voru send út fyrstu sjóðfélagayfirlit eftir að breytingar voru gerðar á réttindakerfi sjóðsins.
 - » Upplýsingar um réttindi sjóðfélaga eru þar sett fram með öðrum hætti en áður var gert.
 - » „Spurt og svarað“ á heimasíðu sjóðsins veitir frekari upplýsingar um þá þætti sem fram koma á yfirlitum.
 - » Sjóðfélagar er hvattir til að hafa samband við starfsfólk sjóðsins vegna spurninga sem kunna að vakna.

5. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM 2017



Grein 17.3

Reikna skal út sérstaka eignavísitölu sem mælir hreina ávöxtun á eignum sjóðsins á hverjum tíma. Vísitöluna skal reikna út mánaðarlega. Reikna skal út vísitöluna miðað við gangvirði eigna. Vísitalan er sett á 100 1. janúar 2016.

Heimilt er að skipta sjóðnum niður í fleiri eignasöfn, sem bera mismunandi áhættu og taka mið af æviskeiði sjóðélaga. Skal þá hvert og eitt safn hafa sérstaka eignavísitölu. Eftir að sjóðfélagi hefur náð 65 ára aldri skal réttindasjóður hans breytast í samræmi við 3ja ára meðaltal af eignavísitölu sjóðsins, þar til hann hefur töku eftirlauna.

Grein 18.4

Eftirlaunaréttindi sem sjóðfélagar afla sér með greiðslu iðgjalda eftir 67 ára aldur koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri **tilkynningu** sjóðfélaga. Greiða skal þó eftirlaun eigi síðar en vegna næsta mánaðar **eftir** 70 ára afmælisdaginn án sérstakrar **tilkynningar frá sjóðfélaga**. Vilji sjóðfélagi fresta töku eftirlauna lengur en til 70 ára aldurs þarf hann að sækja um það sérstaklega. Við 70 ára aldur skal endurskoða lífeyri sjóðfélaga, sem hafið hefur töku lífeyris við 67 ára aldur eða síðar, án sérstakrar **tilkynningar**. Skal þá bætt við þeim lífeyrisrétti sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér með söfnun í réttindasjóð eftir að hann hóf töku lífeyris. Réttindin veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

Grein 25.1

Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á **grundvelli tilkynningar sjóðfélaga eða** umsóknar á umsóknareyðublöðum frá sjóðnum. Skyld er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskyldar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá og telst hún þá úr gildi fallin. Þá er lífeyrisþegum skyld að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum.

Grein 25.3

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða **áfallalífeyri** lengra aftur í tímann en tvö ár[...]

Heimilt er sjóðstjórn að greiða lífeyri sem eingreiðslu til sjóðfélaga sem búsettir eru erlendis, enda sé talið að sjóðurinn eigi erfitt með upplýsingaöflun um hagi viðkomandi sjóðfélaga sem nauðsynlegar eru til greiðslu reglubundins mánaðarlegs lífeyris. Skal þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðslu af hendi í einu lagi og miðast greiðslan þá við endurgreiðslu á réttindasjóði sjóðfélaga. Eftir slíka eingreiðslu á sjóðfélaginn engin frekari réttindi hjá sjóðnum.

5. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM 2017

BREYTINGATILLÖGUR
JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR

4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launamönnum og fjórir af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarféлага sjóðsins skv. grein 3.3. ~~Átta~~ Fjórir varamenn skulu kosnir með sama hætti.

4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa vinnuveitenda. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn fulltrúi launamanna og einn fulltrúi atvinnurekenda á hverju ári. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Gerð er tillaga um að varamönnum í stjórn sjóðsins verði fækkað úr átta í fjóra.

GREIN 16.12 FELLT ÚT ÚR SAMÞYKKTUM

~~16.12 Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði sbr. 18.gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. greinar reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og skapar réttindi með sama hætti og hefðbundið iðgjald.~~

Lagt er til að ákvæði 16.12 sé felld út úr samþykktum.

- Reglugerð 391/1998 tilgreinir að eignfærsla framlags til jöfnunar á örorkubyrði í tryggingafræðilegrar úttekt sé háð því að eðlileg og gagnsæ tengsl séu á milli réttinda og þeirra tekna sem metnar eru til eignar. Hins vegar þurfi ekki að dreifa framlaginu á tilgreinda sjóðfélaga þegar framtíðaskuldbindinar eru hærri en verðmæti tilsvareandi framtíðariðgjalda.
- Þar sem tryggingafræðileg staða vegna framtíðar getur sveiflast milli ára, þá er hætta á að framlagið dreifist ójafnar á sjóðfélaga ef ákvæðinu er fylgt en ef framlagið er greitt inn í sjóðinn án þess að skapa sérgreind réttindi.
- Ef ákvæðið er felld út, líkt og lagt er til hér þá bætir framlag hvers árs eignastöðu sjóðsins en eykur ekki skuldbindingar á móti.

BREYTING Á GREIN 25.5 EINGREIÐSLA MAKALÍFEYRIS

25.5 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans ef um eftirlaun er að ræða, af hendi í einu lagi. Ef um makalífeyri er að ræða þá greiðist hann í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Við breytingar á samþykktum á ársfundi 2016 var ákvæðinu breytt á þann hátt að eingreiðsla skyldi nema jafnvirði réttindasjóði sjóðfélaga. Í tilfelli makalífeyris er greiðsla ekki beintengd réttindasjóði, því er lagt til að makalífeyrir sé áfram greiddur í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

VIÐBÓT VIÐ VIÐAUKA B

Frá ársfundi sjóðsins 29. apríl 2015 til loka árs 2015 giltu ákvæði eldri samþykktu þ.m.t. um réttindaávinnslu og lífeyrisúrskurði, með þeirri undantekningu að ákvæði 17.2 um verðtryggingu réttinda, giltu ekki á því tímabili. Þannig voru áunnin óúrskurðuð réttindi, bæði þau sem áunnin voru 30. apríl 2015 og fyrr og þau sem áunnust frá 1. maí 2015 til 31.12.2015 ekki verðtryggð og tóku því ekki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs á þessu tímabili þ.e. frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015.

Lögð er til viðbót við viðauka B þar sem fyrir eru tilgreindar skerðingar og helstu ákvarðanir fyrri ársfunda er snúa að réttindakerfi sjóðsins.

Viðbótin sem hér um ræðir er í samræmi við ákvörðun ársfundar á árinu 2015.

VIÐAUKI C – SÓLARLAGSÁKVÆÐI FELLD ÚT

Eldri ákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs
Norðurlands frá 1. maí 2003

~~20.4 ——— Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn veitir sama rétt.~~

Eldri ákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs
Austurlands frá júlí 2003

~~86.gr. ——— Skilyrði um aldur eftirlifandi barna.
Réttur kjörbarna
Láti sjóðfélagi eftir sig barn eða fleiri innan 18. ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 18 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn veitir sama rétt. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði á framfæri sínu.~~

Lagt er til að allir eigi rétt til makalífeyris til 20 ára aldurs yngsta barns, líkt og grein 20.3 segir til um. Óháð því hvenær sjóðfélagi ávann sér réttindin.

Nýjar töflur frá tryggingastærðfræðingi koma hér á næstu glærum. Lagt er til að töflur I-V í viðauka A verði uppfærðar að tillögu tryggingastærðfræðings:

- Nýjar töflur um lífs- og dánarlíkur sem miðaðar eru við reynslu áráanna 2010-2014, lækka lífeyrisrétt.
- Áætlaður rekstrarkostnaður 0,2% er nú dreginn frá áætlaðri 3,5% ávöxtun, því lækkar lífeyrisréttur einnig.
- Tafla IV er sett upp á nýjan máta þar sem réttindaöflun er sýnd fyrir hvert aldursár, í stað uppsafnaðs réttar til 65 ára aldurs.

TILLAGA AÐ TÖFLU I

Skipting á iðgjaldi til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda annars vegar og tryggingaverndar hins vegar. Taflan sýnir það hlutfall af iðgjaldi sem fer til tryggingaverndar sbr. gr. 17.1. Hinn hluti iðgjaldsins fer til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda.

Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall
16	<u>36,3%</u>	27	<u>41,0%</u>	38	<u>36,5%</u>	49	<u>27,8%</u>	60	<u>13,8%</u>
17	<u>37,2%</u>	28	<u>40,9%</u>	39	<u>35,8%</u>	50	<u>26,9%</u>	61	<u>11,8%</u>
18	<u>38,0%</u>	29	<u>40,8%</u>	40	<u>35,0%</u>	51	<u>26,0%</u>	62	<u>9,6%</u>
19	<u>38,8%</u>	30	<u>40,5%</u>	41	<u>34,3%</u>	52	<u>25,0%</u>	63	<u>7,2%</u>
20	<u>39,4%</u>	31	<u>40,2%</u>	42	<u>33,5%</u>	53	<u>24,0%</u>	64	<u>4,8%</u>
21	<u>39,9%</u>	32	<u>39,9%</u>	43	<u>32,7%</u>	54	<u>22,9%</u>	65	<u>3,3%</u>
22	<u>40,3%</u>	33	<u>39,4%</u>	44	<u>31,9%</u>	55	<u>21,7%</u>	66	<u>3,0%</u>
23	<u>40,6%</u>	34	<u>38,9%</u>	45	<u>31,1%</u>	56	<u>20,5%</u>		
24	<u>40,8%</u>	35	<u>38,4%</u>	46	<u>30,3%</u>	57	<u>19,0%</u>		
25	<u>41,0%</u>	36	<u>37,8%</u>	47	<u>29,4%</u>	58	<u>17,5%</u>		
26	<u>41,0%</u>	37	<u>37,2%</u>	48	<u>28,6%</u>	59	<u>15,7%</u>		

TILLAGA AÐ TÖFLU II

Breyting á réttindasjóði í eftirlaun. Taflan sýnir hvernig hverjum 100.000 kr. í réttindasjóði er breytt í mánaðarleg eftirlaun miðað við aldur sjóðfélaga við töku eftirlauna. Við úrskurð á eftirlaunum skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun
60	<u>519</u>	66	<u>615</u>	71	<u>736</u>
61	<u>532</u>	67	<u>635</u>	72	<u>766</u>
62	<u>546</u>	68	<u>658</u>	73	<u>799</u>
63	<u>562</u>	69	<u>682</u>	74	<u>835</u>
64	<u>578</u>	70	<u>707</u>	75	<u>874</u>
65	<u>596</u>				

TILLAGA AÐ TÖFLU III

Breyting á réttindasjóði í örorkulífeyri. Taflan sýnir hvaða mánaðarlegan örorkulífeyri sjóðfélagi færi fyrir hverjar 100.000 kr. í réttindasjóði. Við úrskurð á lífeyri skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir
16	<u>3.641</u>	27	<u>2.537</u>	38	<u>1.764</u>	49	<u>1.219</u>	60	<u>827</u>
17	<u>3.524</u>	28	<u>2.455</u>	39	<u>1.706</u>	50	<u>1.178</u>	61	<u>796</u>
18	<u>3.410</u>	29	<u>2.375</u>	40	<u>1.650</u>	51	<u>1.139</u>	62	<u>767</u>
19	<u>3.300</u>	30	<u>2.298</u>	41	<u>1.596</u>	52	<u>1.100</u>	63	<u>738</u>
20	<u>3.193</u>	31	<u>2.224</u>	42	<u>1.544</u>	53	<u>1.062</u>	64	<u>709</u>
21	<u>3.090</u>	32	<u>2.151</u>	43	<u>1.493</u>	54	<u>1.026</u>	65	<u>682</u>
22	<u>2.990</u>	33	<u>2.082</u>	44	<u>1.444</u>	55	<u>990</u>	66	<u>654</u>
23	<u>2.894</u>	34	<u>2.014</u>	45	<u>1.396</u>	56	<u>956</u>	67	<u>639</u>
24	<u>2.800</u>	35	<u>1.948</u>	46	<u>1.350</u>	57	<u>922</u>		
25	<u>2.709</u>	36	<u>1.885</u>	47	<u>1.305</u>	58	<u>890</u>		
26	<u>2.622</u>	37	<u>1.823</u>	48	<u>1.262</u>	59	<u>858</u>		

TILLAGA AÐ TÖFLU IV

Réttindatafla vegna framreiknings í örorku- og makalífeyri. Taflan sýnir rétt til mánaðarlegs lífeyris miðað við hvert 10.000 kr. mánaðarlegt iðgjald sem lagt er til grundvallar framreikningi, á hverju aldursári.

Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir
16	<u>2.738</u>	26	<u>1.825</u>	36	<u>1.384</u>	46	<u>1.111</u>	56	<u>897</u>
17	<u>2.612</u>	27	<u>1.766</u>	37	<u>1.353</u>	47	<u>1.087</u>	57	<u>881</u>
18	<u>2.494</u>	28	<u>1.712</u>	38	<u>1.323</u>	48	<u>1.063</u>	58	<u>866</u>
19	<u>2.385</u>	29	<u>1.661</u>	39	<u>1.294</u>	49	<u>1.040</u>	59	<u>853</u>
20	<u>2.285</u>	30	<u>1.613</u>	40	<u>1.266</u>	50	<u>1.017</u>	60	<u>840</u>
21	<u>2.193</u>	31	<u>1.569</u>	41	<u>1.239</u>	51	<u>995</u>	61	<u>829</u>
22	<u>2.108</u>	32	<u>1.527</u>	42	<u>1.212</u>	52	<u>973</u>	62	<u>818</u>
23	<u>2.029</u>	33	<u>1.488</u>	43	<u>1.186</u>	53	<u>953</u>	63	<u>807</u>
24	<u>1.956</u>	34	<u>1.452</u>	44	<u>1.161</u>	54	<u>933</u>	64	<u>796</u>
25	<u>1.888</u>	35	<u>1.417</u>	45	<u>1.136</u>	55	<u>914</u>	65	<u>777</u>
								66	<u>747</u>

TILLAGA AÐ TÖFLU V

Réttur til jöfnunariðgalds þeirra sem fengið fengið hafa úrskurðað viðmiðunariðgald. Taflan sýnir rétt til jöfnunariðgalds sem hlutfall (%) af greiddu iðgjaldi mv. 10% iðgjald eða viðmiðunariðgjaldi hvort heldur sem lægra er.

Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%
36	<u>-13,1%</u>	44	<u>3,7%</u>	52	<u>23,6%</u>	60	<u>43,2%</u>
37	<u>-11,1%</u>	45	<u>5,9%</u>	53	<u>26,3%</u>	61	<u>45,2%</u>
38	<u>-9,0%</u>	46	<u>8,3%</u>	54	<u>28,9%</u>	62	<u>47,1%</u>
39	<u>-7,0%</u>	47	<u>10,7%</u>	55	<u>31,6%</u>	63	<u>49,1%</u>
40	<u>-5,0%</u>	48	<u>13,2%</u>	56	<u>34,1%</u>	64	<u>51,2%</u>
41	<u>-2,9%</u>	49	<u>15,7%</u>	57	<u>36,5%</u>	65	<u>54,9%</u>
42	<u>-0,8%</u>	50	<u>18,3%</u>	58	<u>38,9%</u>	66	<u>61,0%</u>
43	<u>1,4%</u>	51	<u>21,0%</u>	59	<u>41,1%</u>		

6. STARFSKJARASTEFNA STAPA

ÁGÚST TORFI HAUKSSON, STJÓRNARFORMAÐUR

- Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði að hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupaukar
- Yfirvinna
- Starfskjarastefna skal borin undir ársfund

7. KOSNING STJÓRNAR



Frá launagreiðendum:

Tillaga til ársfundar 2017

Aðalmenn til tveggja ára:

» Ágúst Torfi Hauksson, Akureyri

» Valdimar Halldórsson, Húsavík

Varamaður til tveggja ára:

➤ Guðrún Ingólfisdóttir, Höfn í Hornafirði

Varamaður til eins árs:

➤ Unnar Már Pétursson, Siglufirði

Frá launamönnum:

Tillaga til ársfundar 2017

Aðalmenn til tveggja ára:

- » Sverrir Mar Albertsson

- » Tryggvi Jóhannsson

Varamaður til tveggja ára:

- » Heimir Kristinsson

- Frá atvinnurekendum
 - » Ágúst Torfi Hauksson, Akureyri
 - » Valdimar Halldórsson, Húsavík
 - » Erla Jónsdóttir, Kambakoti
 - » Kristín Halldórsdóttir, Akureyri

- Frá launamönnum
 - » Þórarinn Sverrisson, Sauðárkrókur
 - » Huld Aðalbjarnardóttir, Húsavík
 - » Sverrir Mar Albertsson, Eskifjörður
 - » Tryggvi Jóhannsson, Akureyri

8. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA



Tillaga

» Deloitte ehf

9. LAUN STJÓRNAR



- Stjórnarlaun 95.000 kr. á mánuði
- Varamaður: 47.000 kr. fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar 190.000 kr. á mánuði
- Varaformaður stjórnar 142.000 kr. á mánuði

10. ÖNNUR MÁL

TRYGGINGAVERND

JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR, ÁHÆTTUSTJÓRI

- Nýju sjóðfélagayfirlitin sýna breytingu á réttindasjóði í takt við inngreidd iðgjöld og ávöxtun.
- Réttindasjóðurinn myndar rétt til eftirlauna.
- Yfirlitin sýna einnig að hluti iðgjalds sjóðfélaga rennur til áfallatrygginga

Breytingar á réttindasjóði þínum

Skýring	Upphæð
Staða í upphafi tímabils 01.10.2016	7.259.707
Iðgjaldahreyfingar	269.464
Frádráttur v/tryggingaverndar	-89.811
Frádráttur v/VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs	-2.156
Úthlutun réttindasjóðs látinna	2.130
Ávöxtun	98.506
Staða í lok tímabils 12.04.2017	7.537.840

- Er tryggingaverndin valkvæð?
- Skv. yfirlitum hjá öðrum lífeyrissjóðum er ég ekki að greiða neina tryggingavernd, af hverju greiði ég slíkt hjá Stapa?
- Í hverju felst tryggingaverndin?
- Af hverju fer svona hátt hlutfall iðgjaldsins í tryggingavernd?

ER TRYGGINGAVERNDIN VALKVÆÐ?

Skv. lögum um lífeyrissjóði er lífeyrissjóðum ætlað að byggja upp sparnað til að:

1. Greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur
2. Greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku
3. Styðja maka og börn við fráfali sjóðfélaga.

Áfallatrygging

Tryggingaverndin er sá hluti iðgjaldsins sem á að standa undir skuldbindingu sjóðsins til að greiða áfallatryggingu, þ.e. liði 2 og 3 hér að ofan.

Tryggingaverndin er því ekki valkvæð heldur lagaskylda.

AF HVERJU GREIÐI ÉG EINUNGIS TRYGGINGAVERND HJÁ STAPA EN EKKI ÖÐRUM SJÓÐUM?

- Inn í réttindatöflur annarra samtryggingasjóða er tekinn kostnaður vegna tryggingaverndar, rétt eins og var í eldra réttindakerfi Stapa.
- Sjóðfélagar í öðrum sjóðum greiða því fyrir tryggingavernd, rétt eins og sjóðfélagar Stapa.
- Með því að skipta iðgjaldinu strax við inngreiðslu sjá sjóðfélagar betur hvað þessar tryggingar kosta, en í gamla kerfinu og hjá öðrum sjóðum er kostnaðurinn ekki eins sýnilegur.
- Kostnaðurinn er að einhverju leyti mismunandi milli sjóða og hann er háður aldri sjóðfélaga en almennt má telja að yfir starfsævina fari um 25-30% af iðgjaldinu í að greiða fyrir þessar tryggingar.

Í HVERJU FELST TRYGGINGAVERNDIN?

- Með áfallatryggingum er átt við örorku- maka- og barnalífeyri.
- Sjúkdómar, slys eða fráföll gera ekki boð á undan sér og geta gerst hvenær sem er á starfsævinni. Því er mikilvægt að tryggja afkomu sína þegar slíkt áföll dynja yfir. Áfallatryggingum frá lífeyrissjóði er ætlað að mæta þessari þörf.


- Þú átt rétt á endurhæfingar- eða örorkulífeyri frá sjóðnum ef þú uppfyllir eftirtalin skilyrði:
 - Þú hefur aflað þér réttinda með greiðslum til sjóðsins
 - Þú hefur orðið fyrir skerðingu á starfsgetu sem metin er 50% eða meira
 - Þú hefur orðið fyrir tekjumissi vegna hinnar skertu starfsorku
 - Skerðing á starfsorku hefur varað í a.m.k. sex mánuði
- Almennt er örorkulífeyrir vera jafnhár þeim eftirlaunum sem sjóðfélagi hefði mátt vænta hefði hann ekki misst starfsorku, miðað við full réttindi til framreiknings.
- Framreikningnum er ætlað að meta framtíðartekjutap sjóðfélaga og áætluð eftirlaunaréttindi sem þeim tekjum hefði fylgt. Ýmis atriði geta haft áhrif á útreikning framreiknings.

- Ef sjóðfélagi, sem greitt hefur til tryggingadeildar sjóðsins, fellur frá og lætur eftir sig maka á makinn rétt á makalífeyri.
- Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af eftirlauna- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagsins.
- Hversu lengi greiðist makalífeyrir?
 - » Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í þrjú ár og hálfur makalífeyrir í tvö ár eftir það.
 - » Makalífeyrir er alltaf greiddur fram að 20 ára aldri yngsta barns.
 - » Sé eftirlifandi maki 50% öryrki eða meira og yngri en 65 ára við andlát sjóðfélaga, skal fullur makalífeyrir greiddur meðan sú örorka varir en þó ekki lengur en til 67 ára aldurs.

- Börn sjóðfélaga sem fellur frá og eru yngri en 18 ára eiga rétt til barnalífeyris úr sjóðnum
- Barnalífeyrir er einnig greiddur með börnum sjóðfélaga sem nýtur örorkulífeyris frá sjóðnum.

AF HVERJU FER SVONA HÁTT HLUTFALL IÐGJALDSINS Í TRYGGINGAVERND?

- Það er alveg rétt að hlutfallið sem rennur til tryggingaverndar er hátt.




Tafla I í samþykktum


- Taflan sýnir það hlutfall af iðgjaldi sem fer til tryggingaverndar.
- Hinn hluti iðgjaldsins fer til uppsöfnunar eftirlaunaréttinda.

LÍFEYRISGREIÐSLUR VEGNA ÁFALLATRYGGINGA

- Á árinu 2016 námu lífeyrisgreiðslur vegna áfallatrygginga 33% af lífeyrisgreiðslum Stapa.




- Um 28% kvenna og 17% karla verða varanlega óvinnufær fyrir 65 ára aldur.



MIKIL TRYGGING, SÉRSTAKLEGA FYRIR ÞÁ SEM YNGRI ERU

Þrjú dæmi tengd endurhæfingar- og örorkulífeyri

- Einstaklingur greiðir í sjóðinn af 400.000 kr. launum alla sína starfsævi, frá 20 ára aldri. Áætluð eftirlaun hans nema 295 þús kr (m.v. 3,5% raunávöxtun sjóðsins) og örorkulífeyrisréttur hans er 288 þús kr. séu skilyrði um framreikning uppfyllt.
- Aðrar greiðslur, s.s. frá Tryggingastofnun, skerða örorkulífeyrisgreiðslur.



- Tryggingaverndin er ekki valkvæð, hún er skilgreind í lögum 129/1997 um lífeyrissjóði og nánar í samþykktum sjóðsins.
- Tryggingavernd er hluti af réttindatöflum allra samtryggingasjóðanna, en með því að skipta iðgjaldinu strax við inngreiðslu líkt og í réttindakefi Stapa sjá sjóðfélagar betur hvað þessar tryggingar kosta.
- Tryggingaverndin felst í örorku- maka- og barnalífeyri sem tryggja eiga sjóðfélögum/eftirlifandi fjölskyldu afkomu ef sjúkdómar, slys eða fráfall sjóðfélaga ber að höndum.
- Hlutfall iðgjaldsins sem fer til tryggingaverndar er almennt um 25-30% af iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga yfir starfsævina, það er svipað og hlutfall lífeyrisgreiðslna til áfallatryggingar á sl. árum. Hlutfallið er hæst hjá þeim sem yngri eru, enda er tryggingin mest þar.



STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

10

2007 – 2017